

FRÉTTATILKYNNING

Nú liggur fyrir niðurstaða úr könnun á **umferðarhegðun almennings** sem Gallup framkvæmdi í lok síðasta árs fyrir Samgöngustofa en í könnuninni er gerð athugun á viðhorfi og hegðun vegfarenda til ýmissa þátta er varða umferðaröryggi.

Samgöngustofa og áður Umferðarstofa hafa látið gera slíkar kannanir árlega frá árinu 2005. Í könnuninni er gerð athugun á hegðun og viðhorfi íslenskra vegfarenda varðandi t.d. símanotkun, hraðakstur, bílbeltanotkun, aksturs eftir neyslu áfengis og hvaða atriði í hegðun annarra vegfarenda fara mest í taugarnar á þátttakendum könnunarinnar.

Hér að neðan má sjá samantekt sem Samgöngustofa hefur gert í samvinnu við Gallup og sýna niðurstöður varðandi farsímanotkun ökumanna. Meðfylgjandi eru niðurstöður þeirra spurninga sem vísað er í hér að neðan. Vænta má fleiri fréttatilkynninga í framhaldinu með samantekt um fleiri áhugaverðar niðurstöður könnunarinnar.

VIÐHORF ÖKUMANNA TIL FARSÍMANOTKUNAR

1. **62% SEGJA FARSÍMANOTKUN ÖKUMANNA VALDA TRUFLUN OG ÁLAGI**

Þegar ökumenn sem segjast hafa orðið fyrir truflun eða verið undir álagi sl. 6 mánuði við akstur eru spurðir hvaða hegðun annarra vegfarenda valdi þeim mest álagi eða truflun við akstur (sp. 11) kemur í ljós að farsímanotkun er í öðru sæti á eftir skorti á notkun stefnuljósa.

78% af virkum ökumönnum* segjast hafa orðið fyrir truflun og nefna 62% þeirra farsímanotkun annarra ökumanna sem orsakavald. Það má því ljóst vera að þetta athæfi að meðhöndla síma á meðan á akstri stendur, sem reyndar mjög margir ökumenn gera, fer mjög í taugarnar á miklum meirihluta ökumanna og það má leiða getum að því að það fari jafnvel í taugarnar á þeim sem gerast sjálfir sekur um þessa áhættuhegðun. Skortur á notkun stefnuljósa er eins og fyrr sagði það sem veldur mestri truflun og álagi meðal ökumanna en farsímanotkun leiðir mjög oft til þess að ökumaður hefur ekki lausa hönd til að gefa stefnuljós.

* Virkir ökumenn eru þeir ökumenn sem eyða einhverjum tíma í akstur á degi hverjum

2. **35% AÐSPURÐRA SENDA SMS EÐA FARA Á INTERNETIÐ VIÐ AKSTUR**

35% þeirra sem svöruðu því játandi að þeir töluðu eitthvað í farsíma án handfrjáls búnaðar sögðust nota hann til annars, t.d. senda SMS eða fara á internetið oft, stundum eða sjaldan (sp. 14).

3. **98% SEGJA ÞAÐ HÆTTULEGT AÐ LESA TEXTASKILABOÐ VIÐ AKSTUR**

Af hópi þeirra sem eru virkir ökumenn* eru 63% sem segja að það sé stórhættulegt að nota farsíma til að lesa SMS textaskilaboð, Snapchat, eða skilaboð á Facebook (sp. 25). Samanlagður fjöldi þeirra sem telja það frekar, mjög og stór-hættulegt nær 98 prósentum. Af þessu má ljóst vera að nánast allir ökumenn álíta slíka notkun farsíma á meðan á akstri stendur hættulega og flestir telja hana stórhættulega. Þrátt fyrir þetta almenna viðhorf er lestur textaskilaboða nefndur í 73% tilvika þegar spurt er hvað það er sem fólk gerir einna helst í símanum annað en að tala í hann.

* Virkir ökumenn eru þeir ökumenn sem eyða einhverjum tíma í akstur á degi hverjum

4. **FLESTIR SEM NOTA SÍMANN Í ANNAÐ EN SÍMTAL LESA OG RITA SKILABOÐ**

Þrátt fyrir að nánast allir aðspurðir líti svo á að lestur textaskilaboða sé hættulegur kemur í ljós að þegar virkir ökumenn* sem hafa svarað því játandi að nota farsíma til annars en að tala í við akstur eru spurðir hvað sé það helsta sem þeir geri annað en að tala í símann (sp. 15) segjast 73% þeirra lesa skilaboð í símanum á meðan á akstri stendur. Næst kemur ritun skilaboða eða 58% og þar næst stjórna tónlist í bílnum með símanum eða 25%.

Það er athyglisvert að þrátt fyrir að svona stórt hlutfall aðspurðra lesi og skrifi skilaboð þá segja 99% þátttakenda í könnuninni það að **skrifa skilaboð** (sp. 24) í farsíma vera hættulegt* og þar af 75% stórhættulegt. 98% segja það að **lesa skilaboð** (sp. 25) vera hættulegt* og þar af 62,6% sem segja það stórhættulegt.

* Virkir ökumenn eru þeir ökumenn sem eyða einhverjum tíma í akstur á degi hverjum.

* Hættulegt - er samanlagður fjöldi þeirra sem telja það stórhættulegt, mjög hættulegt og frekar hættulegt.

5. **ALGENGAST AÐ UNGIR ÖKUMENN SKRIFI SKILABOÐ Á SÍMANN**

Aldurshópurinn 25-34 ára kemur verst út hvað varðar ritun skilaboða á farsíma á meðan á akstri stendur. 77% virkra ökumanna í þeim aldurshópi (*sem segjast nota símann til annars en að tala í hann*) viðurkenna það að þeir noti símann til að skrifa skilaboð á meðan á akstri stendur (sp 15). Í aldurshópnum 18-24 ára er hlutfallið 58% og 50% þeirra sem eru á aldursbilinu 35-44 ára.

6. **ÞAÐ ER HÆTTULEGT AÐ TALA Í SÍMA ÞÓTT NOTAÐUR SÉ HANDFRJÁLS BÚNAÐUR** Rétt tæplega helmingur virkra ökumanna telur það hættulítið að tala í símann með handfrjálsum búnaði (Sp. 22).

Samkvæmt lögum má tala í síma með handfrjálsum búnaði á meðan á akstri stendur. Þrátt fyrir það sýna rannsóknir fram á að jafn mikil skerðing verður á athygli og viðbragði ökumanna hvort sem notaður er handfrjáls búnaður eða ekki. Hvort tveggja er hættulegt. Það er þó sá munur á að noti ökumaður ekki handfrjálsan búnað dregur það úr hæfni hans til að nota stjórn- og öryggistæki bifreiðarinnar. Ökumaður getur t.d. átt mjög erfitt með að gefa stefnuljós en í könnuninni kemur einmitt fram að skortur á notkun stefnuljósa fer mest í taugarnar vegfarendum hvort sem er keyrandi

eða fótgangandi sem hafa upplifað álag eða truflun á vegferð sinni síðustu 6 mánuði. (Sp. 35).

Í yngsta hópnum eru einungis 17% sem telja hættulegt að tala í símann með handfrjálsum búnaði. Mun fleiri ungir ökumenn segja það nú „stórhættulegt“ (7% vs. 18%) og „frekar hættulegt“ (38% vs. 47%) að tala í farsíma án handfrjálss búnaðar.

NOKKRAR STAÐREYNDIR VARÐANDI FARSÍMANOTKUN ÖKUMANNA:

1. „Misnotkun“ á síma við akstur hefur í för með sér mjög mikla truflun á athygli og viðbragði ökumanna. Víða er litið svo á að það jafnist á við það að aka undir áhrifum vímuefna.
2. Sú truflun á einbeitingu ökumanns sem á sér stað þegar talað er í farsíma, hvort sem notast er við handfrjálstan búnað eður ei er sagt hafa sömu áhrif á viðbragðstíma ökumanns og það að keyra með 0,8 prómill vínanda í blóðinu. Refsimörk vegna áfengisneyslu eru 0,5 prómill. Komið er inn á þetta í fjölda rannsókna og skýrslna sem ritaðar hafa verið um þessa áhættuhegðun.
3. Það að teygja sig eftir símtóli, stimpla inn símanúmer, lesa eða skrifa SMS á meðan verið er að keyra, þrefalda líkurnar á bílslysi samkvæmt bandarískri rannsókn.
4. Ökumenn líta af veginum í 4,6 sekúndur að meðaltali þegar smáskilaboð eru lesin eða skrifuð. Það er ígildi þess að aka yfir heilan fótboltavöll án þess að horfa út um framrúðuna ef ekið er á 90 km/klst ([Virginia Tech News](#)).
5. Að hringja úr farsíma á meðan á akstri fólksbifreiðar stendur eykur líkurnar á á árekstri eða nærri því árekstri um 2,8. Ef um er að ræða stórt ökutæki eins og vörubifreið aukast líkurnar 5,9 fallt ([Virginia Tech News](#)).
6. Fleiri ungir ökumenn í USA látast af völdum textasamskipta í síma á meðan á akstri stendur en ölvunaraksturs ([mbl.is 23.7.2013](#)).
7. [Rannsókn sem](#) AAA American Automobile Association (Samtök bandarískra bíleigenda) lét gera sýnir að í 12% tilfella þar sem ungir ökumenn verða valdir að árekstri er um truflun af völdum símanotkunar að ræða.

Nánari upplýsingar veitir:

Einar Magnús Magnússon
Sérfræðingur hjá Samgöngustofu
Sími: 659-5060